



Skólaráðsfundur 5.október 2017

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir fulltrúi kennara, Lilja Stefánsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Ingibjörg Kjartansdóttir varamaður fulltrúa starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný L. Lárusdóttir fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Hermann Nökkvi Gunnarsson formaður nemendafélags skólans, Mikael Máni Möller varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundaritari). Geirný Geirsdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Carlsson Gränz fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags og Hallveig Fróðadóttir boðuðu forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti starf og hlutverk skólaráðs og kynnti fundarmenn og fyrir hvað í skólasamfélaginu þau eru fulltrúar fyrir.
2. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir starfsáætlun skóla en fundarmenn höfðu fengið starfsáætlunina til yfirlstrar í tölvupósti. Fundarmenn komu með athugasemdir og umræður urðu um nokkra hluti sem var breytt á staðnum. Eftir yfirferð var starfsáætlun borin upp til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum með undirskrift. Guðný fór einnig yfir að Skólanámskrár skólans er unnin til þriggja ára í senn og að allar kennsluáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Starfsáætlun skólans er svo send til fræðsluráðs Reykjanesbæjar til samþykktar.
3. Ásgerður fór yfir áherslur skólaársins og þau verkefni sem eru áhersluverkefni. Þar eru t.d. samtarfsverkefni með Heiðarskóla um leiðsagnarmat og fræðsla frá Menntamálastofnum um kennslu nýbúa.
4. Önnur mál:
 - a. Ásgerður fór yfir skólabyrjun en fyrstu vikurnar hafa farið vel af stað.
 - b. Ásgerður ræddi um fjölmenni í árgangi 4. bekkjar og þau úrræði sem við höfum farið í til að bregðast við því.
 - c. Fyrirspurn kom frá Hermanni Nökkva varðandi frímínútur og hvort það sé ekki hægt að setja upp Ping Pong borðið í frímínútum. Ásgerður ætlar að skoða það með Guðríði húsverði.
 - d. Rætt var um vinnu við endurskoðun á skólareglum og aðkomu skólaráðs að þeirri vinnu.
 - e. Næsti fundur verður fyrir jól og verður þá farið yfir niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk, sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs auk annars.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri